SUZUKI

# S-CROSS




S-CROSS



# Áskorunum mætt

Lífið býður stöðugt upp á nýjar áskoranir. Annað hvort tökumst við á við þær eða veltum vöngum yfir því hvað hafi eiginlega gerst. S-CROSS gerir valið einfalt. S-CROSS er fullur sjálfstrausts og með hátæknivæddum öryggisbúnaði. Og þetta er einungis eitt af mörgu. Mikið pláss fyrir vinina, fjölskylduna og allar græjurnar. ALLGRIP fjórhjóladrifstækni sem tryggir fullkomna stjórn yfir bílnum í öllum aðstæðum. Þess vegna er engu að kvíða. Vertu tilbúinn að mæta áskorunum.

# Lífsþróttur og fallegt útlit

Oft er varasamt að dæma út frá fyrstu kynnum. En jafnvel við fyrstu sýn blasir við sterkur karakter S-CROSS. Hann ber það með sér að vera sterkbyggður sportjeppi með sterka nærveru. Stórt efra og neðra grill kallar á athygli. Eins og tilbúinn í allskyns ævintýraferðir. En við nánari skoðun kemur líka í ljós hve stílhreinn, glæsilegur og fágaður hann er.




S-CROSS

# Djörf sport-jeppahönnun

Það skiptir alltaf máli að koma vel fyrir við fyrstu kynni en að hafa langvarandi áhrif er það sem skapar orðstír. Það sem gerir útslagið eru smáatriðin. Því betur sem S-Cross er skoðaður þeim mun meira gleður hann. Í því felast fyrirheit S-Cross.






Ökutækið vinstra megin á myndinni er með aukabúnaði.






**LED ljós að framan og aftan**
Framljósin og afturljósasamstæðan gefa bílnum frísklegt yfirbragð. Innbyggð í ljósin eru LED stöðuljós með kraftmiklu yfirbragði. Stöðuljósin að framan virka einnig sem dagljósabúnaður.




**Stílhreint grill**
Svipmikið hágljáandi svart grillið gefur framendanum líka kraftmikið yfirbragð og aðgreinir S-CROSS strax útlitslega. Suzuki merkið að framan er rammað inn í umgjörð með krómáferð sem skilar grillinu heildrænu svipmóti.





**Kraftalegir taktar**
Skörp form í hjólaskálum að framan og aftan gefa útlitshönnun yfirbyggingarinnar sérstakan persónuleika. Áberandi silfurlitaðir listar á framsvuntu og afturstuðara blasa strax við og stuðla að langvarandi útlitsáhrifum sem magna enn frekar upp glæsilega heildarmynd sportjeppans.



**Innfelldir þakbogar**
Innfelldir silfurlitaðir þakbogarnir eru jafn glæsilegir og þeir eru nytsamlegir. Þeir auka á fagurfræði formsins með hönnun sem dregur úr loftmótstöðu í akstri.
Í boði fyrir GL+ og GLX



# Rými til athafna

**Jafnvel innanrými S-CROSS snýst um að njóta lífsins. Rúmgott farþegarýmið virðist enn stærra en það er vegna þess hve framrúðan er stór og gott útsýni úr hliðargluggum. Njóttu alls þess sem hefur fram að þessu farið framhjá þér.**



**Stórt farþegarými**

Það er auðvelt að halla sér aftur, slaka á og njóta ferðarinnar í plássmiklu rýminu að framan og aftan.





**Stór sóllúga**

Tvöfaldar glerplötur með rennsli skapa einstaklega mikla opnun á sóllúgunni sem hægt er að njóta úr öllum sætum bílsins.

Valbúnaður fyrir GLX




**Tveggja svæða sjálfvirkt loftfrískunarkerfi**

Með tveggja svæða loftfrískunarkerfinu er hægt að stilla hitann nákvæmlega eins og ökumaður vill hafa hann annars vegar og farþegi í framsæti hins vegar.

Í boði fyrir GL+ og GLX




**Sætaáklæði**

Glæsileg og þægilega hönnuð sætin eru klædd ekta leðri á hliðum og leðurlíki í miðju með fléttumynstri sem minnir á harðgert eðli sportjeppans. Einnig er bíllinn fáanlegur með tauáklæði með sama mynstri og með upphleyptri áferð í sætamiðju.

Leðurklædd sæti í boði fyrir GLX, tauáklæði í boði fyrir GL+ og GL

**Upphitun á framsætum**

Staðalbúnaður með GL+ GLX er upphitun á ökumannssæti og farþegasæti að framan með tveimur stillingum. Miðstöðvarrist fyrir aftursætisfarþega er líka staðalbúnaður.





**Hallastilling á aftursætisbökum**

Aftursætisbökin er hægt að stilla á tvenna vegu sem stuðlar að auknum þægindum eða hámarkar farangursrýmið.

Í boði fyrir GL+ og GLX

# Í tengingu við umheiminn

**Það er óþarfi að rjúfa tengslin við umheiminn þó haldið sé á vit nýrra ævintýra. S-CROSS er búinn tækni og aðgerðum sem tengja þig við bílinn og þann lífstíl sem þú aðhyllist.**




Myndir af mælum og skjá fyrir leiðsögukerfi og loftfrískunarkerfi eru einungis til upplýsingar og sýna annað en sést á raunverulegum skjá.




## Hljómtækjaskjár

Á hljómtækjaskjánum er að finna allt það nýjasta í stafrænum þægindum, þar á meðal Apple CarPlay®, Android Auto™, raddstýrðar og handfrjálsar símhringingar í gegnum Bluetooth® tenginguna. Staðalbúnaður er útvarp, USB fyrir tónlist og hreyfimyndir, iPod og Bluetooth® tónlistarspilarar. Til að halda ökumanni vel upplýstum sýnir skjárinn einnig upplýsingar eins og til að mynda eldsneytisnotkun, akstursdrægi, orkuflæði tvinnaflrásarinnar, viðvaranir og myndir frá bakkmyndavél og 360° myndavél. Staðalbúnaður í GL og GL+ er 7 tommu WVGA skjár. GLX kemur með 9 tommu háskerpuskjá og innbyggðu leiðsögukerfi sem bregst við raddstýringu.

*Í boði á ákveðnum mörkuðum




**9 tommu hljómtækjaskjár GLX**




**7 tommu hljómtækjaskjár GL og GL+**

## Snjallsímatengingar




Works with Apple CarPlay

iPhone tengist þráðlaust í gegnum Apple CarPlay™ eða með USB tengingu og opnar fyrir símhringingar, aðgengi að tónlist, sendingum og móttöku skilaboða og veitir vegaleiðsögn með raddstýringu í gegnum Siri eða með því að snerta skjáinn.

Apple CarPlay er í boði í þeim löndum sem er að finna á eftirfarandi lista:
http://www.apple.com/ios/feature-availability/#applecarplay-applecarplay
Nánari upplýsingar, þ.á m. um gerðir iPhone sem eru samhæfðar Apple CarPlay:
http://www.apple.com/ios/carplay/
Apple, Apple CarPlay og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.
Þráðlaus tenging er eingöngu í boði í 9 tommu hljómtækjaskjánum. Tengst er 7 tommu hljómtækjaskjánum með snúru.




works with androidauto

Android Auto™ er einföld og örugg leið til þess að nota síma í bílnum. Á skjánum er gott aðgengi að kortum, öðrum miðlum og skilaboðaþjónustum.

Android Auto er í boði í þeim löndum sem er að finna á eftirfarandi lista:
https://www.android.com/auto/
Forsendur fyrir notkun er Android Auto app frá Google Play og samhæfður Android snjallsími með Android™ 6.0 stýrikerfi eða nýrra.
https://g.co/androidauto/requirements
Android og Android Auto eru vörumerki Google LLC.

# Mikil vinnusemi og enn meiri leikur

**Það á að njóta lífsins og út frá þeim forsendum er S-CROSS hannaður. S-CROSS stendur fyllilega undir fyrirheitum hvort sem hann er hluti af daglegu amstri eða upphafið að nýjum kafla í lífinu.**





### Aðlögunarhæft farangursrými
Aftursætisbökin eru niðurfellanleg í hlutföllunum 60:40. Þetta ásamt fjölstillanlegu gólfi í farangursrými einfaldar farmhleðslu af margvíslegu tagi.





**Hirsla fyrir ofan spegil**
Við hirsluna er þægilegur leslampi og hólf fyrir sólgleraugu.



**Hirsla í fremri millistokk**
Í hirslu í fremri millistokk er innbyggð USB tenging og aðgengilegt geymslupláss fyrir smærri hluti.



**Armhvíla að aftan**
Í niðurfellanlegri armhvílu í miðju aftursæta eru tveir glasahaldarar fyrir aftursætisfarþegana.
Í boði fyrir GL+ og GLX



**Armhvíla að framan**
Armhvíla að framan er stillanleg fyrir aukin þægindi ökumanns og undir henni er hirsla fyrir smærri hluti.




**Geymsluvasar á aftanverðum sætisbökum**
Geymsluvasar á aftanverðu ökumanns- og farþegasæti henta vel til að geyma kort, bækur eða spjaldtölvu.

# Snjall, sparneytinn og fjölhæfur

**Aksturinn er breytingum háður eftir aðstæðum hverju sinni. Það er því gott að vita af aflmiklu tvinnaflrásarkerfinu sem skilar því sem upp á vantar þegar þörf er fyrir það. Skilvirkt samspil sparneytins aksturs með tvinnaflrás og hreinnar rafaflrásar tryggir snurðulausan akstur við allar aðstæður.**



## Aflmikið tvinnaflrásarkerfi

Fyrirferðalítil, léttbyggð en aflmikil tvinnaflrásin býður jafnt upp á sparneytinn akstur og hreinan rafknúinn akstur án eldsneytis-notkunar. Aflrásin er 1,5 DUALJET bensínvél, rafmótor (MGU), sjálfvirk skipting og rafhlöðusamstæða (140V liþíum-jóna rafhlaða og áriðill). Einkar orkunýtinn og afkastamikill rafmótorinn býður upp á hreinan rafakstur og styður bensínvélina þegar þörf er á mikilli hröðun ökutækisins. Hann býður einnig upp á hreinan rafakstur þegar bílnum er bakkað og og lágmarkar hik á togi við gírskiptingar. Það skilar sér í meiri mýkt í skiptingum. Þegar ekið er á jöfnum hraða nýtir rafriðillinn orku frá bensínvélinni til raforkuframleiðslu sem eykur rafakstursdrægi bílsins og um leið sparneytni og gerir aksturinn hljóðlátari og umhverfisvænni. Við hraðaminnkun endurheimtir hann mikla hreyfiorku, hleður henni inn á rafgeyminn og viðheldur með því nægilegri orku á rafhlöðunni.

**STRONG HYBRID**






## 1.5 DUALJET vél

1,5 lítra vélin er sérlega sparneytin, umhverfisvæn, afkastamikil og snúningsvægið er mikið. Með ýmsum tæknilausnum næst fram afburða sparneytni. Tvöfaldar innsprautunardísir eru hafðar nærri inntaksventlum og þjöppunarhlutfallið er haft hærra til að ná fram hreinni bruna. Með afgashringrás, (EGR), er hiti í brunahólfum lágmarkaður og þar með dregið úr glatvarma.  Vippuvopn við kambás eru sérstaklega hönnuð til að draga úr núningstapi. Því til viðbótar tryggir breytilegur opnunartími ventla, (VVT), hagkvæmasta ventlaopnunartíma með tilliti til eldsneytisnotkunar.

# ALLGRIP fyrir akstur við allar aðstæður

**S-CROSS er alhliða sportjeppi. ALLGRIP SELECT drifkerfið tryggir fullkomna stjórn yfir bílnum í öllum aksturs-aðstæðum. Sérhæfð fjórhjóladrifstækni Suzuki gerir allar leiðir færar.**



# ALLGRIP SELECT




## Fjórar akstursstillingar

Fjórar akstursstillingar sem gera þér auðvelt að velja þá fjórhjóladrifs-stillingu sem hentar akstursaðstæðum best. Þú velur stillinguna og getur treyst því að ALLGRIP SELECT aðlagar aksturinn aðstæðum.




### Auto stilling

Stilling sem forgangsraðar sparneytni við allar hefðbundnar akstursaðstæður og skiptir einungis yfir í fjórhjóladrif þegar þess verður vart að veggrip minnkar.




### Sport stilling

Eykur beygjuhæfni með því að deila við-bótartogi til afturhjólanna. Sport stillingin hámarkar einnig virkni inngjafarinnar sem eykur viðbragð frá vél.




### Snjó stilling

Stuðlar að afburða stöðugleika og auknu veggripi, sérstaklega við hröðun á snjó, malarvegum eða við önnur hálkuskilyrði.




### Læsing (Lock)

Stillingin skilar hámarkstogi til afturhjólanna svo hægt sé að losa hann úr festum, eins og t.d. snjósköflum, aur eða sandi. Fer sjálfkrafa yfir í Snow-stillingu á 60 km hraða á klst.

# Hámarks-vernd

**Sú tilfinning er góð að komast hvert á land sem er. Og þá er ekki síðra að vita að öryggisbúnaður Suzuki verndar þig og þína öllum stundum. Hátæknivæddur virkur öryggisbúnaður og það nýjasta í leiser- og stafrænni tækni sér til þess að allar ferðir í S-CROSS eru bæði þægilegar og afslappandi.**




S-CROSS




# Með fleiri augu á veginum

**Til þess að geta talist varkár ökumaður þarf að hafa augun á veginum og fylgjast vel með því sem gerist í umhverfinu. S-CROSS auðveldar verkefnið til muna með fjölda myndavéla og skynjara.**

## Suzuki öryggisstuðningur*

Það er markmið Suzuki stuðla að öryggi og hugarró við hinar margvíslegu akstursaðstæður. Einn mikilvægasti þátturinn í því að líða vel og vera afslappaður sem bíleigandi er geta treyst bílnum og eigin akstursframmistöðu. Suzuki öryggisstuðningur gerir aksturinn einfaldlega ánægjulegri.

*Myndavélin og ratsjárvarinn búa yfir takmarkaðri getu til að greina fyrirstöður, akreinar og umferðarmerki. Vinsamlega reiðið ykkur ekki alfarið á þennan búnað til að tryggja öryggi ykkar. Gætið ávallt fyllsta öryggis í akstri. Hraði ökutækis hefur áhrif á vegalengdir að næsta ökutæki.




### Tveggja skynjara hemlavari*

Í akstri styðst S-CROSS við tvo skynjara, þ.e.a.s. myndavél í framrúðu og ratsjárvara sem saman meta það hvort hætta sé á árekstri við ökutæki eða vegfarendur. Þegar kerfið skynjar að þessi hætta sé fyrir hendi bregst það við með eftirfarandi þremur þáttum sem ráðast af aðstæðum hverju sinni.



### Akreinavari

Á 60 km/klst eða hraðar fylgist myndavélin með akreinamerkingum hægra og vinstra megin við bílinn og aðvarar ökumann með hljóðmerki og ljósmerki í hliðarspegli ef ökutækið víkur út af sinni akrein.



### Akreinastýring

Á 65 km/klst eða hraðar fylgist myndavélin með akreininni. Þegar kerfið metur að bíllinn sé á leið út af akreininni aðstoðar það ökumann með sjálfvirkum hætti að stýra bílnum aftur inn á rétta akrein með því að taka yfir stýringu hans í gegnum rafeindastýrða aflstýrikerfið.



### Svigvari

Á 60 km/klst eða hraðar fylgist svigvarinn með akstursmynstrinu og aðvarar ökumann með hljóð- eða myndmerki við svigakstri sem rekja má t.d. til þreytu.



### Umferðarmerkjavari

Kerfið styðst við myndavél í framrúðu og fylgist með umferðarmerkjum á veginum. Þegar það les umferðarmerki, eins og t.d. hraðatakmarkanir eða bann við akstri, sýnir það merkin á fjölupplýsingaskjánum og minnir þannig ökumann á hvaða umferðarmerki hafi verið á leið bílsins. Kerfið getur að hámarki birt þrjú umferðarmerki samtímis.




### Hraðastillir með aðlögun og stöðvun & ræsingu

Aflmeiri gerðir tvinnbíla koma með hraðastillir með aðlögun og stöðvun og ræsingu. Hraðastillingin hraðar bílnum og hægir á honum svo öruggri fjarlægð frá næsta ökutæki á undan sé viðhaldið. Hraðastillir með aðlögun og stöðvun&ræsingu getur jafnvel stöðvað bílinn að fullu fyrir aftan næsta ökutæki á undan ef þörf krefur og tekið af stað á ný og fylgt ökutækinu ef því er ekið af stað innan tveggja sekúndna eins og gerist oft í þungri borgarumferð.

Hraðastillir með aðlögun án stöðvunar og ræsingar er í boði fyrir SHVS, aflminni gerðir tvinnbíla.



### Blindblettsvari

Þegar ökumaður hefur gefið stefnumerki og ökutæki kemur inn í blinda blettin fer stefnuljósið að blikka hratt og aðvörunarhljóð heyrist til að stuðla að auknu öryggi við akreinaskipti. Blindblettsvarinn greinir ökutæki í blinda blettinum eða sem nálgast hann frá báðum hliðum bílsins.



### Brekkuvari

Brekkuvarinn kemur í veg fyrir að bíllinn renni aftur á bak þegar ökumaður færir fótinn af hemlinum á inngjöfina og auðveldar þannig ökumanni að taka af stað í brekku.

# Með vökulum augum

**Slysin gera ekki boð á undan sér. En það er traustvekjandi að vita að S-CROSS er búinn nýjustu gerð öryggistækni sem aðstoðar ökumann í akstursaðstæðum af öllu tagi.**





### Þverumferðarvari að aftan

Búnaður sem dregur úr hættu á árekstri, til dæmis þegar bakkað er út úr bílastæði. Greini búnaðurinn aðvífandi ökutæki á blinda svæðinu aftan við bílinn gefur hann frá sér aðvörunarhljóð, stefnuljós í hliðarspeglum blikka og skilaboð á margmiðlunarskjánum vara ökumann við aðstæðum.

### 360° myndavél

360° myndavélin býður upp á aukið öryggi og þægindi. Myndavélarnar eru fjórar, (að framan, að aftan og á báðum hliðum), og varpa upp mismunandi myndum af umhverfi bílsins, þar á meðal þrívíðri mynd sem stuðlar að auknu öryggi þegar ekið er af stað, sem og loftmynd sem auðveldar að leggja bílnum í bílastæði.

Í boði með 9 tommu hljómtækjaskjánum, sem er staðalbúnaður í GLX.
360° myndavélin nær ekki til allra blindra svæða og kemur ekki í stað varúðar í akstri. Vinsamlega reiðið ykkur ekki alfarið á þennan búnað til að tryggja öryggi ykkar. Gætið ávallt fyllsta öryggis í akstri.



Þrívíð mynd


Loftmynd

### Bílastæðavarar að framan og aftan

Hátíðniskynjarar í stuðurunum greina fyrirstöður og aðvara ökumann með hljóð- og myndmerkjum á fjölupplýsingaskjánum.

Í boði fyrir GL+ og GLX




S-CROSS
SUZUKI
S-CROSS



# Veldu þinn lífstíl

**Það er persónuleg og huglæg ákvörðun hvaða leið er valin í lífinu.
Það er einmitt þar sem S-CROSS kemur sterkur inn í myndina.
Vegna þess að stundum gætir þú viljað uppgötva hvert aðrar leiðir liggja.**

## GLX







## GL+







## Litir á yfirbyggingum



Dökkgrár perlumálmlitur



Hvítur perlulitur



Hvítur



Silfurmálmlitur



Svartur perlumálmlitur



Brúnn perlumálmlitur



Rauður perlulitur



Blár perlulitur

# Helsti búnaður

| Vél | Bensín | |
|---|---|---|
| | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drif | ALLGRIP | |
| Gírskipting | AGS | |
| Útfærslur | GL+ | GLX |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **UNDIRVAGN** | | | |
| Hjólbarðar og felgur | 215/55R17 + álfelgur (lakkaðar) | S | - |
| | 215/55R17 + álfelgur (pússuð áferð) | - | S |
| Viðgerðarsett fyrir hjólbarða | | S | S |
| **YFIRBYGGING** | | | |
| Stór sóllúga | Tvöföld opnun | - | O |
| Stærri hjólaskálar | | S | S |
| Neðri listar að framan og aftan | Silfurlitir | S | S |
| Neðri listar á hliðum | Svartir | S | S |
| Þakbogar | Silfurlitir (rafhúðað ál) | S | S |
| Hurðahúnar að utanverðu | Samlitir yfirbyggingu | S | S |
| Opnun á afturhlera | Rafstýrð | S | S |
| Vatnskassahlíf | Svartgljáandi | S | S |
| Gluggaumgjörð | Króm | S | S |
| **ÚTSÝNI** | | | |
| Framljós | LED fjölspeglaljós (lágur og hár geisli) | S | S |
| Hæðarstilling framljósa | Handstýrð | - | - |
| | Sjálfvirk | S | S |
| Sjálfvirk ljós | | S | S |
| Þokuljós | Að framan | S | S |
| | Að aftan | S | S |
| Afturljósasamstæða | LED | S | S |
| Númeraljós | LED | S | S |
| Grænskyggðar rúður | | S | S |
| Ógegnsæjar rúður | Rúður í afturhurðum + rúður í farangursrými + afturrúða | S | S |
| Rúðuþurrkur | Framan: 2ja hraða (hægur, hraður) + stillanlegur letingi + þvottakerfi | S | S |
| | Aftan: 1 hraði + letingi + þvottakerfi | S | S |
| Sjálfvirk rúðuþurrka | | S | S |
| Hiti í afturrúðu | | S | S |
| Hliðaspeglar | Samlitir | S | S |
| | Rafstillanlegir | S | S |
| | Rafstýrð aðfelling | S | S |
| | Með upphitun | S | S |
| | Með innbyggðu stefnuljósi | S | S |
| Baksýnisspegill | Handstýrð dimmun | S | S |

| Vél | Bensín | |
|---|---|---|
| | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drif | ALLGRIP | |
| Gírskipting | AGS | |
| Útfærslur | GL+ | GLX |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | | |
| 3ja arma stýri | Stýri með veltistillingu | S | S |
| | Stýri með aðdrætti | S | S |
| | Úretan | - | - |
| | Leðurklætt | S | S |
| | Með stjórnrofum fyrir hljómtæki | S | S |
| | Með hraðastilli | S | S |
| | Með hraðatakmarkara | S | S |
| | Með handfrjálsri símastjórnun | S | S |
| | Með flipaskiptingu | S | S |
| Aflstýri | | S | S |
| Snúningshraðamælir | | S | S |
| Upplýsingaskjár | 4,2 tommu LCD litaskjár | S | S |
| | Stafræn klukka | S | S |
| | Útihitamælir | S | S |
| | Eldsneytismælir (rauntímaeyðsla/meðaleyðsla) | S | S |
| | Meðalhraði | S | S |
| | Akstursdrægi | S | S |
| | Gírvalsvísir | S | S |
| | Gírskiptivísir | S | S |
| | Loftþrýstingur í hjólbörðum | S | S |
| | Akstursstilling (ALLGRIP gerðir) | S (ALLGRIP) | S (ALLGRIP) |
| | Áminning um öryggisbelti ökumanns | S | S |
| | Áminning um öryggisbelti farþega | S | S |
| | Áminning um öryggisbelti í aftursætum | S | S |
| | Áminning um opnar hurðir | S | S |
| | Aðvörun um lága eldsneytisstöðu | S | S |
| | Áminning um olíuskipti | S | S |
| Áminning um kveikt ljós og lykil | Hljóðmerki | S | S |
| **ÞÆGINDABÚNAÐUR** | | | |
| Rafstýrðar rúður | Framan | S | S |
| | Aftan | S | S |
| Samlæsing hurða | Rofi á bílstjórahurð | S | S |
| Fjarstýrð samlæsing hurða | Með svörun frá neyðarljósum | S | S |
| Lykillaus ræsing | | S | S |
| Loftfrískunarkerfi | Handvirkt | - | - |
| | Sjálfvirkt (tveggja svæða) | S | S |
| Miðstöð | | S | S |
| Frjóagnasía | | S | S |
| Hljómtæki | Hátalarar x 4 | S | S |
| | Hátíðnihátalarar x 2 | S | S |
| | Miðjuhátalari | - | S |
| | 7 tommu hljómtækjaskjár + DAB útvarp | S | - |
| | 9 tommu hljómtækjaskjár + DAB útvarp | - | S* |
| | 9 tommu hljómtækjaskjár + leiðsögukerfi + DAB útvarp | - | S* |
| Valskífa fyrir akstursstillingar | 4 stillingar | S (ALLGRIP) | S (ALLGRIP) |
| ACC (hraðastillir með aðlögun) | | - | - |
| ACC (hraðastillir með aðlögun) með stöðvun og ræsingu | | S | S |
| Hraðatakmarkari | | S | S |
| Hiti í sætum (bæði framsæti) | | S | S |
| Miðstöðvarrist fyrir aftursæti | | S | S |

* Leiðsögukerfi í boði eru mismunandi eftir mörkuðum.

| Vél | | Bensín | |
|---|---|---|---|
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drif | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | AGS | |
| Útfærslur | | GL+ | GLX |

| INNANRÝMI | | | |
|---|---|---|---|
| Ljós í farþegarými | Kortaljós að framan (2 stillingar) | - | - |
| | Kortaljós að framan (3 stillingar) | S | S |
| | Ljós í miðju farþegarýmis (3 stillingar) | S | S |
| | Ljós í hanskahólfi | S | S |
| | Ljós við fótasvæði (framsæti) | S | S |
| | Ljós í hirslu í neðri millistokk | S | S |
| Sólskyggni | Með snyrtispegli | S | S |
| | Með miðaklemmu | S | S |
| | Með lýsingu | S | S |
| Stjórnborð og hirsla ofan spegils | | S | S |
| Griphöldur | Farþegamegin | S | S |
| | Að aftan x 2 | S | S |
| Glasahaldarar | Að framan x 2 | S | S |
| | Að aftan x 2 | S | S |
| Flöskuhaldarar | Framhurðir x 2, Afturhurðir x 2 | S | S |
| Dempun á lokun hanskahólfs | | S | S |
| Hirsla í millistokki | | S | S |
| Hirsla í neðri millistokki | | S | S |
| Gírstangarhnúður | Svartur með krómi | - | - |
| | Svartur með satínkrómi | S | S |
| USB innstunga | Í hirslu í neðri millistokk | S | S |
| 12V innstunga | Í hirslu í millistokk | S | S |
| Fóthvíla | Fyrir ökumann | S | S |
| Klæðning á fram- og afturhurðum | Tau | S | - |
| | Leðurlíki | - | S |
| Hurðarhúnar að innan | Króm | S | S |
| Rammi um rimahlíf á hliðum | Satínsilfur | S | S |
| Armhvíla í hurðum | Tau | S | - |
| | Leðurlíki | - | S |
| **SÆTI** | | | |
| Framsæti | Hæðarstilling sæta (ökumannssæti) | S | S |
| | Vasi á sætisbaki (farþegasæti) | S | S |
| Aftursæti | 60:40-niðurfelling | S | S |
| | Hallastilling (2 stillingar) | S | S |
| Áklæði á sætum | Tau | S | - |
| | Ekta leður + leðurlíki | - | S |
| Miðjuarmhvílur | Framan | S | S |
| | Aftan | S | S |
| **FARANGURSRÝMI** | | | |
| Farangurshlíf | | S | S |
| Farangursspjald | | S | S |
| Snagar í farangursrými | Snagi fyrir innkaupapoka x 1 | S | S |
| | Snagar fyrir net x 2 | S | S |
| Farangursrými 12V innstunga | | S | S |
| Ljós í farangursrými | | S | S |

| Vél | | Bensín | |
|---|---|---|---|
| | | 1,5 tvinnaflrás | |
| Drif | | ALLGRIP | |
| Gírskipting | | AGS | |
| Útfærslur | | GL+ | GLX |

| ÖRYGGI OG UMHVERFISHÆFNI | | | |
|---|---|---|---|
| Tveir SRS öryggispúðar að framan | | S | S |
| Aftenging öryggispúða fyrir farþegasæti að framan | | S | S |
| SRS hliðaröryggispúðar | Að framan | S | S |
| SRS loftpúðagardínur | | S | S |
| SRS hnépúði | Fyrir ökumann | S | S |
| Öryggisbelti | Að framan: 3ja punkta ELR öryggisbelti með forstrekkjurum, átaksdreifingu og hæðarstillingu | S | S |
| | Að aftan: 3ja punkta ELR öryggisbelti x 3 | S | S |
| ISOFIX neðri barnabílstólsfesting x 2 | | S | S |
| ISOFIX efri barnabílstólsfesting x 2 | | S | S |
| Barnalæsing á afturhurðum | | S | S |
| Hliðarátaksbitar í hurðum | | S | S |
| ABS með EBD | | S | S |
| ESP®* | | S | S |
| DSBS (hemlastoð með tveimur skynjurum) | | S | S |
| BSM (blindblettsvari) / RCTA (þverumferðarvari) | | S | S |
| Akreinavari | | S | S |
| Akreinastýring | | S | S |
| Svigvari | | S | S |
| Umferðarmerkjavari | | S | S |
| Neyðarhemlunarljós | | S | S |
| Brekkuvari | | S | S |
| TPMS (eftirlitskerfi með loftþrýstingi í hjólbörðum) | | S | S |
| Hemlavari | | S | S |
| Bílastæðaskynjarar | Að framan | S | S |
| | Að aftan | S | S |
| Bakkmyndavél | | S | - |
| 360° myndavél | | - | S |
| DRL (dagljósabúnaður) | LED | S | S |
| eCall | | S | S |
| Ræsivörn | | S | S |
| Öryggisviðvörun (hurðir og vélarhlíf) | | S | S |
| Fríhjólandi lykilhólkar | | S | S |
| Aftenging fótstiga | | S | S |

S : Staðalbúnaður - : Ekki í boði O : Valbúnaður

Framboð á staðalbúnaði og valbúnaði getur verið misjafn eftir mörkuðum.
* ESP er skrásett vörumerki Daimler AG.
Hlutverk ESP er að aðstoða ökumann að hafa fulla stjórn á S-CROSS. Virkni kerfisins ræðst af akstursaðstæðum og ástandi vegyfirborðs.
Það getur dregið úr virkni kerfisins ef hjólbarðar fara yfir mörk veggrips og hjólin byrja að spóla eða skríða til hliða.

Way of Life!

www.suzuki.is

**Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.**








Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilýsingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is

**SUZUKI BÍLAR HF**

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is

S-CROSS BROCHURE (E)
99999-B1T05-802 2204

S-CROSS SPEC AND EQUIPMENT SHEET (E)
99999-BBT05-802 2204